

# Safnastofnun Austurlands

Blaðinu hefur borist ársskýrsla Safnastofnunar Austurlands sem lögð var fyrir aðalfund S.S.A. á dögunum. Í skýrslunni er komið víða við og rakið ástand og horfur í mál-efnum safna á Austurlandi og afskipti Safnastofnunar af þeim. Þá kemur m.a. fram að halli vegna þjóðminjasýningar á Egilsstöðum var 300 þúsund krónur og var það mun betri útkoma en útlit var fyrir. Forráðamenn S.A.L. (Safnastofnunar Austurlands) töldu sýninguna hafa haft verulegt gildi og vakið athygli á varðveislu minja á Austurlandi og húsnæðisleysi safna hér í fjórðungnum.

## MÁLEFNI SAFNANNA

Unnið hefur verið að því að koma loftræstingar og hitunarkerfi í bæinn á Burstafelli og bætir það úr brýnni þörf þar sem munir lágu undir skemmdum þar vegna raka. Einnig á að endurnýja gólf þar og nauðsynlegt er að fá heimtaug og spennir fyrir rafmagn þangað heim eigi endurbætunar að koma að notum. Þjóðminjasafnið ber kostnað af viðhaldi bæjarins. Skráðir munir að Burstafelli eru nú 389, og nokkuð er enn óskráð.

Nú hefur verið samin starfs og fjárhagsáætlun fyrir Minjasafn Austurlands og lokið hefur verið við að skrá muni safnsins frá fyrri tíð sem í geymslu eru að Skriðuklaustri, en þeir eru 388 talsins, en þess utan eru í safninu mikið af skjölum, skrif- uðu og prentuðu máli sem héraðs- skjalasafnið á Egilsstöðum hefur tekið til vörslu og skráningar.

Nú hefur það gerst í húsnæðismál- um minjasafnsins að með bréfi dag- settu 14. júlí hefur menntamálaráð- neytið tilkynnt að niðurstöður fundar þriggja ráðherra um málefni Skriðu- klausturs væru þessar.

1. Að hlutast til um að tekin verði upp í frumvarpi til fjárlaga 1978 framkvæmdafjárveiting til bygginga fyrir tilraunastöðina á Skriðuklaustri.
2. Að hefja nú þegar undirbúning að hönnun og teikningum af væntanlegum byggingum.
3. Að stefna að því að landbúnað- arráðuneytið afhendi mennta- málaráðuneytinu hús skáldsins í árslok 1979, en í síðasta lagi 1. júlí 1980.

Í framhaldi af þessu er hafinn undirbúningur að skipulagi á Skriðu- klaustri. Með þessari ákvörðun mun komast skriður á húsnæðismál safns- ins ef efndir verða góðar.

Stjórn S.A.L. hefur beint því til bæjarstjórnar Seyðisfjarðar að gerð- ur yrði samningur milli bæjarstjórn- arinnar og tækniminjasafns um af- not af gamla símstöðvarhúsinu að Hafnargötu 44. Hefur bæjarstjórn þetta erindi til athugunar og undir- býr jafnframt viðgerð á húsinu en til þess ætlar bæjarsjóður 1,25 miljón króna á árinu.

Unnið hefur verið að viðgerð Gömlubúðar á Eskifirði sem ætluð er fyrir sjóminjasafn og auk þess er ætlunin að innrétta þar sölubúð með gömlu sniði. Nú eru skrásettir 466 munir sem heima eiga í slíku safni og eru þeir í bráðabirgðageymslu. Auk þess er til verðmætt myndasafn tengt sjósókn.

Á Höfn hefur verið hafinn undir- búningur að flutningi Gömlubúðar á grunn á skipulögðu safnsvæði fyrir innan kaupstaðinn, og var hún flutt um miðjan júlí í sumar og hefur verið unnið að frágangi síðan. Hana er áætlað að nýta til sýningar og geymslu á munum Byggðasafns Austur Skaftfellinga sem nú eru 14 - 16 hundruð talsins.

Náttúrugripasafnið á Neskaupstað hélt uppi svipaðri starfsemi og áður og hafa 5 - 6 hundruð manns sótt það árlega auk skóla sem þar fá aðgang. Safninu bætast árlega gripir, en þröngt er orðið um starfsemi þess. Á vegum safnsins hafa verið stund- aðar rannsóknir í vaxandi mæli, m.a. að verkefnum fyrir Orkustofnun og Náttúruverndarráð.

## HÚSVERND

Sumarið 1976 vann Hörður Ágústsson listmálari og húsafræðingur að húsakönnun á Seyðisfirði og í fram- haldi af þessu var efnt til sérstakrar skipulags- og húsverndarsýningar í Herðubreið í júní í sumar. Þar voru kynntar tillögur að nýju aðalskipu- lagi Seyðisfjarðar og sýnd gögn um skipulag þar snemma á öldinni.

Hörður telur að friða eigi 9 hús í kaupstaðnum, þar af eru 4 í eigu opinberra aðila. Hann telur unnt með viðráðanlegu móti að varðveita timb- urhúsabyggðir í þremur hverfum í kaupstaðnum eða svipmót þeirra.

Undirtektir Seyðfirðinga í þessum málum hafa verið jákvæðar og stjórn S.A.L. mun beita sér fyrir framhaldi af slíkum könnunum í öðrum þétt- býliskjörnum hér austanlands.

Þá er getið um hús hér á Austur- landi í umsjá Þjóðminjasafnsins og kemur þar m.a. fram að nú er hafin niðurtaka og endurbygging gamla bæjarins á Galtastöðum og verður þar varðveitt sýnishorn af kotbýli eins og þau voru algeng til sveita í

byrjun aldarinnar. Einnig hefur verið unnið að endurbyggingu bæjar- húsa í Seli í Skaftafelli.

## ÝMIS MÁLEFNI

Á mörgu fleiru er dregið í skýrsl- unni þar á meðal fornminjarannsókn- um á Austurlandi, endurskoðun þjóð- minjalaga og ráðningu minjavarðar fyrir Austurland og útgáfumál.

Verður einstökum þáttum þessara mála ef til vill gerð nánari skil í blaðinu síðar.

Stjórn S.A.L. skipa nú:

Hjörleifur Guttormsson, Neskaup- stað formaður.

Ármann Halldórsson, Egilsstöðum ritari.

Eliás Jónsson, Höfn Hornafirði.

Elín Metúsalemsdóttir, Burstafelli Vopnafirði.

Grétar Einarsson, Seyðisfirði.

# Rannsóknir á Fljótsdalsheiði

Í sumar hafa staðið yfir virkjun- arrannsóknir á Fljótsdalsheiði og hefur hópur rannsóknarmanna verið við vinnu á heiðinni. Margt mun hafa komið í ljós við þessar rannsóknir meðal annars möguleikar á nýjum virkjunarstöðum á þessu svæði þ.e. að taka vatn fram á múlann sem er á milli Norður og Suðurdals í Fljóts- dal. Slíkt gjörbreytir þeim forsend- um sem áður voru reyfaðar fyrir virkjunum á Fljótsdalsheiði.

Í byrjun október er væntanleg skýrsla um þessar rannsóknir og mun því verða látið bíða þangað til

að reyfa málin nánar hér í blaðinu, en þeirri skýrslu verða gerð eins góð skil eins og tök verða á hér. Nú ríð- ur á að Austfirðingar fylgist með framvindu mála þarna og næstu vik- ur verða örlagaríkar hvað það snert- ir hvort þarna verður ráðist í fram- kvæmdir eða ekki.

Orkuráðherra Gunnar Thoroddsen hefur lýst því yfir að ákvörðun í þessu máli verði tekin seinni partinn í sumar eða haust, og því fer nú að líða að þeirri stund sem hann verður að standa við orð sín af eða á. Því ríður á að halda vöku sinni.

J. K.

# Hreindýraveiðarnar

Leyfi til hreindýraveiða eru nú runnin út. Ekki hefur blaðið endan- legar tölur handbærar um fjölda hreindýra sem felld hafa verið en ljóst er að það er ekki nema hluti þess sem leyft var að fella, jafnvel ekki nema um 1/5 hluti c.a. 300 dýr.

Menn kunna að spyrja hvað valdi þessu, áhugaleysi skotmanna eða lé- leg sókn þeirra. Þessu mun varla vera til að dreyfa. Veiðihugurinn er nægur og færri fá að skjóta en vilja. Hins vegar er ljóst að það skipulag sem nú er á veiðunum, að hver fái aðeins að skjóta á sínum eigin af- réttum þ.e. hver hreppur, takmarkar þær mjög.

Á afréttum sumra hreppa sjást vart dýr, meðan sá tími stendur sem má skjóta þau. Þetta er sennilega meginástæðan fyrir því hve fá dýr eru felld, því að margir hreppar geta ekki felt nema örlítinn hluta af sín- um kvóta af áðurgreindum orsökum.

Hér verður ekki lagður dómur á hvort þessi þróun er uggvænleg og hvort dýrunum fjölgar meir en góðu hófi gegnir, blaðið hefur ekki gögn í höndunum til þess að leggja þar á hlutlægt mat. Hins vegar verður ekki komist hjá því að álykta að megi

fella af stofninum 1500 dýr að skað- lausu og ekki eru felld nema 300 ár eftir ár þá hljóti dýrunum að fjölga mjög í venjulegu árferði. Nauðsyn- legt er fyrir þá sem þessum málum ráða að fylgjast vel með þessu því að það er engum greiði gerður með því að dýrunum stórfjölggi frá því sem nú er.

J. K.

# Innheimta árgjalda

Nú er komið að því að senda út innheimtur fyrir árgjöldum blaðsins fyrir árið 1977. Það er ekki að sökum að spyrja að vegna mikilla kostnað- arhækkana og ekki síður vegna nokk- urnvegin reglulegrar útkomu á ár- inu verður árgjaldið að vera mun hærra en í fyrra og hefur það verið ákveðið kr. 1.500.-.

Blaðið treystir sem fyrr á skilning lesenda sinna og vonar að þeir bregð- ist vel við sem endranær.

Þá verður ekki komist hjá því að hækka auglýsingaverðið og mun það verða 700.- kr. dálksentimetirinn og smáauglýsingar munu kosta kr. 1.000.-.